

Reykjavík, 2. október 2018

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála.

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) fagnar því að fram eru komin áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála. Sérstaklega fögnum við hjá UMFÍ skjótum viðbrögðum stjórnvalda við þeim nauðsynlegu breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að vernda iðkendur í íþrótta- og æskulýðsstarfi og skjóta sterkari stoðum undir faglegt starf í málaflokknum. Við vonum að þetta samstarf haldi áfram.

Við vekjum athygli á því að í áformum um frumvarpið sem hér er til umfjöllunar er lagt til ákvæði um að óheimilt verði að ráða einstaklinga til starfa hjá íþróttafélögum eða þiggja framlag þeirra sem sjálfboðaliðar hafi þeir hlotið refsidóm fyrir kynferðisbrot. Þar gætir ósamræmis við æskulýðs- og grunnskólalög.

Í grunnskólalögum (lög nr. 70. 28. mars 2008 III. Kafli, 11. grein) segir að óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum [...] sem sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í æskulýðsstarfi, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra [hegningarlaga, nr. 19/1940](#). Við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Í Æskulýðslögum (lög nr 70 28. mars 2007 IV. kafli) segir jafnframt að yfirmenn skóla, leikskóla, sumardvalarheimila, íþrótta- og tómsundamiðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn og ungmenni koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur hlotið dóm vegna brota að fengnu samþykki hans.

Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum. Ákvæðið nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

Af þessu leiðir að mikilvægt er að samræmis gæti og að sömu lög gildi um íþrótta- og æskulýðsstarf, sem er ekki tilfellið eins og staðan er núna. UMFÍ leggur áherslu á að einnig verði óheimilt að ráða til starfa einstaklinga með börnum og ungmennum sem brotið hafa gegn lögum um ávana og fíkniefni. Von UMFÍ er sú að þessi atriði verði komin inn í frumvarpið áður en það verður lagt fram á Alþingi.

Samhliða lagasetningunni er mikilvægt að auðvelda úrvinnslu og opna aðgengi að upplýsingum um starfsfólk og umsækjendur um störf með börnum. Eins og fram kemur í

Æskulýðslögum eiga yfirmenn skóla, leikskóla og fleiri staða þar sem fólk starfar með börnum rétt til upplýsinga úr sakaskrá um viðkomandi. Auðvelda þarf aðgengi að sakaskrá og sakavottorðum. Rafræn skráning sakavottorða er lykillinn að því, auðveldar starfið og gerir stjórnendum kleift að ráða starfsfólk og sjálfboðaliða sem hæfa börnum.

Danir eru til fyrirmyndar í þessum efnum en á vef dönsku lögreglunnar geta stjórnendur nálgast upplýsingar um starfsfólk og umsækjendur um störf með börnum einföldum hætti (sjá: <https://www.politi.dk/da/borgerservice/straffeattest/boerneattest/>). UMFÍ óskar þess að sambærileg útfærsla verði tekin upp hér á landi.

Áform þetta um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála er gríðarlega stórt og gott skref. Það er ekki síður hagsmunamál fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna heldur alla þá sem starfa með börnum á Íslandi.

Það er mikilvægt að hlúa að börnum og ungmennum og gæta öryggis í umhverfi þeirra. Börnin þurfa að fá að njóta vafans. Það er því mikilvægt að mál þetta verði ekki aðeins í orði. Látum verkin tala og gerum umhverfi barna á Íslandi betra og öruggara en nokkru sinni samfélaginu til góða.

Með bestu kveðju,

Fh. hönd UMFÍ

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson